

Foreldrasamtöl og námsmat

Foreldrasamtöl

Nú líður að foreldrasamtölum á vorönn sem eru ítarlegri en þau samtöl sem fara fram á haustönn. Í foreldrasamtölum fer fram samtöl meðal foreldra og deildarstjóra um náms og þroskaframvindu barnsins, byggt á námsmati skólans.

Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn séu:

- ✓ **vel undirbúnir** fyrir foreldrarsamtalið svo það verði skilvirkara og árangursríkara.
- ✓ **mæti á réttum tíma** í samtalið og virði þau tímamörk sem samtalinu eru sett.

Samvinna heimila og skóla

Nám barna er samvinnuverkefni heimila og skóla þar sem skólinn er hinn faglegi leiðtogi með það hlutverk að styðja foreldra í sínu uppeldishlutverki og gæta að hagsmunum barnsins.

Foreldrar þekkja börn sín best og styðja við skólagöngu þeirra með því að veita mikilvægar upplýsingar sem leggja grunn að námi barnsins. Jafnframt eiga foreldrar að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um leikskólastarfið og börn sín svo að þeir geti fylgst með skólagöngu þeirra, veitt þeim stuðning og hvatningu.

(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Námsmat

Námsmat skal meta hæfni og getu barna og taka mið af mismunandi þörfum hvers og eins með áherslu á nám, vellíðan og velferð. Námsmat er byggt á starfsáætlun leikskólans sem útbúin er í upphafi hvers skólaárs þar sem sett eru fram markmið og leiðir að öllum þáttum Aðalnámskrár leikskóla sem eru

- ✓ Læsi
- ✓ Sjálfbærni
- ✓ Jafnrétti
- ✓ Lýðræði
- ✓ Heilbrigði
- ✓ Velferð og sköpun.

Nálgast má starfsáætlun leikskólans hér:

[Starfsáætlun – Leikskólinn Jötunheimar \(arborg.is\)](http://Starfsáætlun - Leikskólinn Jötunheimar (arborg.is))

Foreldrasamtal Jötunheima

Í foreldrasamtölum í Jötunheimum er farið yfir eftirfarandi þætti:

- ✓ Líðan barnsins í leikskólanum
- ✓ Þátttaka í leik og félagsfærni
- ✓ Þátttaka í skipulögðu starfi
- ✓ Sjálfshjálp og grunnþarfir
- ✓ Almennur þroski

Nánari upplýsingar um foreldrasamtöl í Jötunheimum og ítarlegri lista um það sem tekið er fyrir í hverju samtali fyrir sig má finna á heimasíðu leikskólans : [Foreldrasamtöl – Leikskólinn Jötunheimar - Sveitarfélagið Árborg](http://Foreldrasamtöl - Leikskólinn Jötunheimar - Sveitarfélagið Árborg)